



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði
til heiðurs Norðurlandaráði
2. nóvember 2010**

Heiðruðu forsætisráðherrar
Ráðherrar
Fulltrúar í Norðurlandaráði
Góðir gestir

Það er ætíð ánægjuefni að heiðra norræna samvinnu hér á Bessastöðum, stað sem á djúpar rætur í norrænni sögu; sýnir hve örlög þjóða okkar hafa um aldir verið samofin.

Landnámsmaður, líklega frá Noregi, settist að hér á hólnum nærri aldamótunum 900, skömmu eftir að Ingólfur Arnarson frá Dalsfirði á Fjöllum, fyrsti landnámsmaðurinn, byggði bæ sinn þar sem nú er Reykjavík.

Nábýlið við sjóinn og fengsæl fiskimið gerðu Bessastaði að kostajörð sem og góð aðstaða til landbúnaðar enda taldi Snorri Sturluson, hinn mikli sagnaritari norrænna miðalda, Bessastaði til eigna sinna. Snorri var höfundur Heimskringlu, hins mikla verks um konunga Noregs og Svíþjóðar, og Eddu, höfuðrits okkar um fornan átrúnað og grundvöll skáldskapar. Það var meðal annars á túnunum sem þið sjáið hér út um gluggann sem þeir nautgripir gengu sem lögðu til húðir í þessi miklu og mörgu skinnhandrit. Þegar hömlulaus valdabarátta leiddi ógæfumenn til að drepa Snorra urðu Bessastaðir eign Noregskonungs; síðar aðsetur amtmannanna sem konungar Danmerkur fólu að stjórna Íslandi.

Fyrir tveimur öldum hýsti svo byggingin þar sem þið komuð inn helsta skóla landsins. Þar sátu ungir Íslendingar á bekk og kappræddu áhrifin af byltingum í Evrópu, sigldu sumir til Kaupmannahafnar og hófu á loft kyndil sjálfstæðisbaráttunnar sem hundrað árum síðar leiddi til stofnunar lýðveldis á Þingvöllum, en þar hafði Alþingi verið stofnsett rúmum tíu öldum fyrr.

Bessastaðir eru því ekki aðeins íslenskur sögustaður heldur líka norrænn. Ég vona, góðir gestir, að þið skynjið í þessum hádegisverði til heiðurs norrænni samvinnu hve djúpt rætur hinna norrænu tengsla rista á þessum stað.

Norðurlönd eiga ekki aðeins saman langa sögu og sterk vinabönd. Þau eru einnig samofin í augum umheimsins, margvíslegur árangur okkar á ýmsum sviðum rennur saman í eina heild; lifandi sönnun þess að hægt er að tvinna saman lýðræði, mannréttindi, velferð, markaðsbúskap og verndun umhverfis.

Á vissan hátt eru verkefni Norðurlanda nú brýnni en oftast áður, einkum vegna sívaxandi mikilvægis Norðurslóða.

Hinn mikli orkuforði á Norðurslóðum og aðrar auðlindir, nýjar siglingaleiðir sem tengja munu Asíu um norðurvegi við Evrópu og Ameríku á nýjan hátt, hraði loftslagsbreytinganna sem er margfalt meiri hér en annars staðar, bráðnun íss og breytingar á hafstraumum – allt kallar þetta á öflugna og framsýna samvinnu Norðurlanda sem eru ásamt Bandaríkjunum og Rússlandi – stórveldunum tveimur á síðari hluta tuttugustu aldar – og Kanada í forystusveit Norðurskautsráðsins.

Hin breytta heimsmynd veitir norrænni samvinnu líka tækifæri á fleiri sviðum. Athyglisverð var sú framtíðarsýn sem þáverandi forsætisráðherra Danmerkur boðaði hér á Íslandi fyrir fáeinum árum: Að Norðurlöndin gætu orðið eins konar sýnisvöllur, Silicon Valley hreinnar orku, fyrirmynd á heimsvísu, uppspretta nýrra tækifæra.

Norrænn árangur í nýtingu vatnsorku, jarðhita, vindorku, líforku og á fleiri sviðum hreinna orkugjafa gæti orðið öðrum til eftirbreytni um leiðir til að hverfa frá kolefnaorku til sjálfbærrar framtíðar. Því væri áhugavert og arðvænlegt að auka samvinnu okkar á þessu sviði, gera slíka norrænu áherslu að alþjóðlegu vörumerki, grundvelli verkefna í öllum álfum.

Hið aukna mikilvægi Norðurslóða og þörf heimsins fyrir hreina orku eru hvort tveggja vitnisburður um að norræn samvinna hefur líklega aldrei verið jafn brýn og nú, að hin nýja öld kallar okkur til góðra verka í krafti þess árangurs sem náðst hefur á undanförunum áratugum og með tilstyrk sameiginlegrar arfleifðar.

Í anda þeirrar sýnar býð ég ykkur öll velkomin til Bessastaða og bið gesti að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs norrænni samvinnu og ævarandi vináttu þjóða okkar.